



## Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd Reykshólahrepps

Þriðjudaginn 17. ágúst 2021 kl. 10.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður og Ingimar Ingimarsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir boðaði forföll.

Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi, Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi, Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var ákveðið að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

**1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 14. júní 2021**

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

**2. 2108008 - Gröf 139572, umsókn um skráningu nýrrar landeignar, Gröf vegsvæði.**

Fyrir liggur umsókn Vegagerðarinnar dagsett 23. Júlí 2021 um skráningu nýrra landeignar, Gröf vegsvæði úr landi Grafar 139572.

*Skipulagsnefnd tekur ekki afstöðu til málsins. Samþykkt samhljóða.*

**3. 2108001 – Illugastaðir 139601, umsókn um byggingaleyfi.**

Fyrir liggur umsókn frá K21- sumarhúsafélagi.

*Nefndin samþykkir umsóknina. Samþykkt samhljóða.*

**4. 2108002 - Kirkjuból 139612 umsókn um byggingaleyfi.**

Fyrir liggur umsókn frá Kvarða, fh. Geirs Sævars Geirssonar.

*Nefndin samþykkir umsóknina með fyrirvara um samþykki lóðarhafa. Samþykkt samhljóða.*

**5. 2108007 - Karlsey, umsókn Orkubús Vestfjarða um byggingu spennistöðvar.**

*Nefndin samþykkir umsóknina með fyrirvara um samþykki lóðarhafa. Samþykkt samhljóða.*

**6. 2104008 – Vegagerð Vestfjarðarvegur 60, breyting á legu Djúpadalsvegar, umsögn Umhverfisstofnunar.**

Vegagerðin hefur lagt fram hönnunargögn fyrir breytttri veglínu, úttekt Náttúrufræðistofu Vestfjarða og samþykki landeigenda Barms og Djúpadals.

*Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að umhverfisáhrif breytingar á veglínu Djúpadalstengingar séu þekkt og að hún sé til verulegra bóta miðað við fyrri útfærslu. Stofnunin telur til fyrirmyndar að skoða aðra útfærslu til að draga úr neikvæðum áhrifum.*

*Landeigendur fallast á breytingu á tengingu á legu Djúpadalsvegar. Ný lega fer að stærstum hluta um skilgreinda fristundabyggð í landi Djúpadals (Miðhúsa), eins og núverandi vegur. Breytt veglína kemur því ekki til með að breyta landnotkun í grundvallaratriðum.*

*Byggt á gögnum Vegagerðarinnar og umsögn Umhverfisstofnunar er metið að breytingin geti fallið að skilmálum framkvæmdaleyfis (tl. 13) og falli að stefnu aðalskipulags Reykhólahrepps um Vestfjarðaveg. Um er að ræða útfærslu á vegaframkvæmd, en ekki grundvallarbreytingu. Því er unnt að heimila Vegagerðinni að ráðast í umbeðna breytingu. Samþykkt samhljóða.*

**7. 2108005 - Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 - 2020, breyting.**

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við framlög gögn. Samþykkt samhljóða.*

**8. 2108006 - Húsnæðismál í sveitarfélaginu.**

*Skipulags-, húsnæðis og hafnanefnd leggur til við sveitarstjórn að hafinn verði undirbúningur að byggingu leiguhúsnæðis í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu. Ljóst er að húsnæðisskortur á svæðinu hefur neikvæð áhrif á þá uppbyggingu sem er í Reykhólahreppi. Erfitt hefur verið að manna stöður og störf hjá sveitarfélaginu og þrátt fyrir að byggðar hafi verið 3 nýjar íbúðir á kjörtímabilinu er húsnæðisvandinn enn til staðar.*

*Til að ýta undir einstaklingsframtak leggur nefndin til að gatnagerðargjöld verði felld niður út kjörtímabilið eða til maí 2022.*

*Nefndin leggur jafnframt til að Hólatróð 1 og 3 verði aftur auglýstar til sölu.*

*Samþykkt samhljóða.*

**9. 1903004, Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006 – 2018, breyting vegna vindorkuvers í Garpsdal, tilkynning Skipulagsstofnunar um tafir á afgreiðslu máls.**

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun dags. 20. júlí 2021 þar sem tilkynnt er, í samræmi við 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að tafir verða á afgreiðslu stofnunarinnar á erindi Reykhólahrepps dags. 22. júní 2021 þar sem óskað er staðfestingar á breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins samkvæmt 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna iðnaðarsvæðis í landi Garpsdals.

*Erindi lagt fram til kynningar.*

**10. 2108009 – Úthlutun leiguíbúðar.**

*Nefndin frestar úthlutun til næsta fundar.*

**Önnur mál (ef einhver):**

**1. 2105002 – Bjarkalundur, breyting á deiliskipulagi.**

Tekið fyrir að nýju mál frá fundi skipulagsnefndar frá 6. maí 2021, þar sem afgreiðslu var frestað.

*Nefndin gerir athugasemd við skilgreiningu byggingarreitsins og stækkunar hans. Auk þess gerir nefndin athugasemd við fyrirhugað hús syðst á byggingarreitnum en stærð þess samræmist ekki aðliggjandi byggð. Nefndin leggur til að fyrirhugað hús syðst á byggingarreitnum verði fellt úr skipulagstillögunni og fyrirhugaður byggingarreitur minnkaður sem því nemur. Samþykkt samhljóða.*

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.15.

---

---

---

---

---

---

---

---